



JÚDÓSAMBAND ÍSLANDS



Fundargerð Aganefndar JSÍ - 21. maí 2020 kl. 13:00

Fundur nr. 2020-04

Staðsetning: Fjarfundur

Fundarmenn: Gísli Jón Magnússon, Tryggvi Gunnarsson, Víkingur Víkingsson og Daníel Reynisson

Dagskrá

1. Úrskurður í máli Júdódeildar UMFN með málsnúmer 2020-01

Fyrir er tekið mál nr. 2020-01 frá stjórn Júdódeildar UMFN vegna vinnubragða í aðdraganda Afmælimóts JSÍ þann 15. febrúar 2020.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Júdódeild Njarðvíkur (JDN)

Fyrirsvarsmaður: Eydís Mary Jónsdóttir, formaður Júdódeildar UMFN

Júdósamband Íslands (JSÍ)

Fyrirsvarsmaður: Þórmóður Jónsson, framkvæmdastjóri JSÍ

Bjarni Friðriksson, framkvæmdastjóri og þjálfari Júðfélags Reykjavíkur (BF)

Fyrirsvarsmaður: Jón Egilsson hrl.

II.

Málsatvik:

Formaður Júdódeildar UMFN beindi erindi til Aganefndar JSÍ þann 27. febrúar 2020 þar sem vinnubrögðum í aðdraganda afmælimóts JSÍ sem fram fór 15. febrúar 2020 er mótmælt harðlega.

Í greinargerð er gerð athugasemd um að BF hafi haft óeðlileg áhrif á skráningu tveggja keppenda JDN eftir að skráningarfresti lauk og þannig haft áhrif á niðurröðun í flokka á mótinu. JDN telur það óeðlilegt að þjálfari annars félags geti haft áhrif á niðurröðun í flokka sem hefur ekkert hlutverk í skipulagningu mótsins. Auk þess telur JDN óeðlilegt að þjálfari eins félags hafi vitneskju um skráningu á mót umfram aðra þjálfara annara félaga sem senda keppendur til mótsins og að þeirri vitneskju sé dreift til iðkenda sem mættir voru á æfingu hjá BF fyrir mótið. Með þessu telur JDN að jafnræði milli deilda sé brotið.

JDN telur upp þrjú atriði í greinargerð sem vísað er til Aganefndar JSÍ og óskað eftir að Aganefndin taki á:

1. Aðgengi að mótaskráningakerfi JSÍ verði skýrt og komið í veg fyrir að aðilar sem hafa aðgang að því geti haft óeðlileg áhrif á úrslit móta.
 - Settar verði skýrar verklagsreglur um aðgangstýringar á skráningakerfum og gagnagrunnum JSÍ og þeim framfylgt.
2. Að þjálfari annars félags hafi breytt skráningu iðkenda JDN og haft þannig áhrif á skráningu JDN.
 - Setji siðareglur um samskipti þjálfara við iðkendur og þjálfara annarra deilda.
3. Að þjálfarar einstakra félaga hafi aðgang að keppendalista móta sem þeir eru ekki að skipuleggja, áður en þeir eru opinberaðir.
 - Jafnræði félaga sé tryggt með skýrum verklagsreglum JSÍ.
 - Þjálfarar aðildarfélaga komi ekki að niðurröðun í flokka á mótum JSÍ, ef þeir eru sjálfir með skráða keppendur á mótið.
 - Keppendalistar séu opinberaðir um leið og skráningarfresti er lokið.

Með tölvupósti 22. apríl 2020 óskaði nefndin eftir mótareglum sem í gildi voru þegar mótið fór fram og barst svar frá JSÍ 24. apríl 2020. Óskaði nefndin eftir frekari gögnum frá JSÍ með tölvupósti þann 3. maí 2020 varðandi starfsmenn Afmælistótsins 15. febrúar 2020 auk þess sem óskað var eftir hvernig verklag væri með skráningu keppenda á mót á vegum JSÍ, hvort um væri að ræða skráðar verklagsreglur. Einnig var óskað eftir yfirlit yfir aðganga í skráningarkerfi og hvort það væri virk aðgangsstýring að kerfinu. Svar barst frá JSÍ 5. maí 2020.

Með tölvupósti þann 4. maí 2020 var óskað eftir svörum frá BF um aðkomu hans að skráningu og samskiptum við iðkendur JDN í aðdraganda mótsins og honum veitt frestur til 10. maí 2020 að skila inn svörum. Þann 8. maí 2020 barst ósk frá BF um að fá afhenta kærana og fylgiskjöl í málinu auk þess að óskað var eftir fresti til 10. júní 2020 til að svara erindinu. Aganefnd fundaði síðar þann dag og var niðurstaða nefndarinnar að BF ætti rétt á að fá umbeðin gögn. Umbeðnum fresti var hafnað en aftur á móti BF veittur frestur til 18. maí 2020 til að skila inn gögnum. Þetta var gert með tölvupósti 8. maí 2020. Nefndinni barst svar frá BF þann 17. maí 2020.

III.

Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort BF hafi haft óeðlileg áhrif á skráningu keppenda JDN fyrir Afmælistót JSÍ haldið þann 15. febrúar 2020 og þá hvort og hvaða

agaviðurlögum skuli beita vegna þess. Einnig þarf að taka afstöðu til þeirra beiðna sem JDN fer fram á í greinagerð.

Í málinu liggja fyrir undirrituð gögn frá keppendum og forráðamönnum keppenda JDN að þeir telji sig ekki hafa verið beittir óeðlilegum áhrifum vegna skráningar fyrir umrætt mót. Aftur á móti hafi BF veitt upplýsingar um skráningu þegar eftir því var leitað. Einnig liggur fyrir að JSÍ metur BF sem einn af starfsmönnum mótsins þar sem mótið var haldið hjá JR og hann hafi því komið beint að undirbúningi og framkvæmd mótsins.

Liggur fyrir að ekki eru til skriflegar og samþykktar verklagsreglur varðandi upplýsingagjöf um þátttöku á mótum né um skráningarkerfi fyrir mót.

Telja verður mikilvægt að JSÍ setji sér skriflegar og samþykktar verklagsreglur um upplýsingagjöf vegna þátttakenda á mótum, hverjir hafi aðgang að þeim upplýsingum og hvenær. Gæta þarf þess að jafnræði sé ávallt um þessa upplýsingagjöf og tryggt að allir keppendur og þjálfarar sitji við sama borð hvað það varðar.

Aganefnd getur ekki séð að JSÍ hafi myndað sér skriflegar og samþykktar siðareglur, a.m.k. er ekkert slíkt að finna á heimasíðu sambandsins. Í slíkum reglum væri hægt að taka á samskiptum þjálfara við iðkendur utan þeirra eigin félags. Einnig telur Aganefnd að mikilvægt að í slíkum siðareglum sé tekið á hvers konar ofbeldi, misnotkun, notkun lyfja og fíkniefna, samskiptum og öðru því sem taka skal á í slíkum siðareglum.

Það skal tekið skýrt fram að það er ekki hlutverk Aganefndar að móta eða setja slíkar reglur.

IV.

Úrskurðarorð:

Aganefnd vísar kærur stjórnar Júðódeildar UMFN frá en vísar þó þeim tilmælum til Júðósambands Íslands að móta skriflegar og samþykktar verklagsreglur varðandi skráningarkerfi, skráningu móta og upplýsingagjöf um skráningu á mót. Einnig að sambandið móti og samþykki siðareglur.

Gísli Jón Magnússon [sign]

Daníel Reynisson [sign]

Tryggvi Gunnarsson [sign]

Víkingur Víkingsson [sign]

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:25.